

Tekjur og menntun 2014

Income and education 2014

Samantekt

Niðurstöður um samband menntunar og tekna sem byggjast á lífsskjararannsókn Hagstofunnar leiða í ljós að háskólamenntun veitir hlutfallslega minni ávinning í tekjum á Íslandi en hún gerir í öðrum Evrópulöndum. Rúmenía er það Evrópuland þar sem háskólamenntun skilar hlutfallslega mestum tekjum umfram aðra menntunarlópa. Á undanförunum árum hafa háskólamenntaðir lækkað í tekjum á Íslandi samanborið við aðra hópa.

Inngangur

Í þessu hefti eru birtar upplýsingar um samband menntunar og tekna sem byggjast á lífsskjararannsókn Hagstofunnar. Notast er við tvenns konar tekjumælingar, ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (skýring 3) og atvinnutekjur (skýring 6). Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu eru heildartekjur heimilis eftir skatta eftir að tekið hefur verið mið af fjölda og aldri heimilismanna (skýring 3) sem er í samræmi við aðferðir evrópsku hagstofunnar Eurostat. Þessi mæling gefur vísbendingu um sambandið á milli menntunar og lífsskjara. Til að varpa skýrara ljósi á samband menntunar og vinnumarkaðar er jafnframt gerð grein fyrir atvinnutekjum einstaklinga. Sú mæling sýnir atvinnutekjur einstaklinga fyrir skatt og inniheldur öll laun og hlunnindi fyrir vinnu, hvort sem þau eru greidd fyrir dagvinnu, yfirvinnu eða aukastarf.

Ráðstöfunartekjur og menntun í Evrópu


*Á Íslandi er minnsti munur
ráðstöfunartekna milli
háskólamenntaðra og annarra*

Á Íslandi er minnsti munur miðgildis ráðstöfunartekna á neyslueiningu (hér eftir ráðstöfunartekjur) milli háskólamenntaðra og þeirra sem eingöngu hafa lokið grunnmenntun saman borið við aðrar Evrópuþjóðir. Mynd 1 sýnir miðgildi ráðstöfunartekna hjá ólíkum menntunarlópum leiðréttum fyrir mismunandi verðlagi, PPS (skýring 4). Við samanburð milli landa á þeim sem eingöngu hafa lokið grunnmenntun árið 2013 er miðgildi ráðstöfunartekna á Íslandi það fjórða hæsta í Evrópu. Noregur, Lúxemborg og Sviss eru í þremur efstu sætunum en í Rúmeníu, Serbíu og Búlgaríu eru lægstu ráðstöfunartekjurnar. Þegar litið er á fólk með starfs- eða framhaldsmenntun eru ráðstöfunartekjur á neyslueiningu þær sjöttu hæstu á Íslandi en Lúxemborg, Noregur og Sviss eru enn í þremur efstu sætunum. Lægstu tekjurnar í þessum hópi eru í Rúmeníu, Serbíu og Lettlandi. Ísland er aftur á móti í 15. sæti meðal Evrópulanda yfir ráðstöfunartekjur háskólamenntaðra en Lúxemborg, Sviss og Noregur eru eftir sem áður með hæstu ráðstöfunartekjurnar.



Mynd 1. Ráðstöfunartekjur eftir menntunarstöðu 2013

Figure 1. Disposable income by educational level 2013



Skýringar Notes: Listi með nöfnum landanna er í töflu 1. Löndunum er raðað eftir miðgildistekjum hópsins sem er með starfs- og framhaldsmenntun. Myndin sýnir eingöngu þá sem eru á aldrinum 18 til 64 ára. *A list of country names is in table 1. Countries are sorted by the median disposable income of the group with upper secondary educational attainment. Only people aged 18 to 64 are included.*


Heimild Source: Eurostat.

Í Rúmeníu er hlutfallslega mestur munur á ráðstöfunartekjum milli menntunarhópa í Evrópu

Árið 2013 voru þeir sem eingöngu hafa lokið grunnmenntun á Íslandi með hærri hlutfall af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra en í nokkru öðru Evrópulandi eða 86,3%. Svíþjóð, Noregur og Holland komu næst í röðinni en þar var hlutfallið 80,3%, 77,0% og 73,6%. Mestur munur á ráðstöfunartekjum milli menntunarhópa var í Rúmeníu en þeir sem eingöngu hafa lokið grunnmenntun í Rúmeníu voru með 33,1% af tekjum háskólamenntaðra. Næstu lönd voru Búlgaría, Serbía og Litháen með 39,3%, 40,5% og 47,0%.

Mynd 2. Ráðstöfunartekjur fólks með grunn- og framhaldsmenntun sem hlutfall af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra 2013

Figure 2. Disposable income of people with basic and secondary education as a proportion of disposable income of people with tertiary education 2013



Skýringar Notes: Sjá mynd 1. See figure 1.


Ráðstöfunartekjur og menntun á Íslandi

Kaupmáttur dróst mest saman eftir hrun hjá þeim sem hafa mesta menntun

Árið 2014 var miðgildi ráðstöfunartekna 345 þúsund á mánuði hjá háskólamenntuðum, 316 þúsund hjá fólki með starfs- og framhaldsmenntun og 303 þúsund hjá fólki með grunnmenntun. Tekjur fyrir rannsókn ársins 2014 byggja á skattframtali ársins 2013 og eru því eldri ár í mynd 3 uppfærð með neysluverðsvísitölu ársins 2013 (skýring 5). Á myndinni má sjá áhrif af falli bankanna árið 2008 en fram að þeim tíma jókst kaupmáttur allra menntunarhópanna ár frá ári en féll síðan til ársins 2012. Jafnframt má sjá að dregið hefur saman með menntunarhópunum eftir fall bankanna sem þýðir að fólk með háskólamenntun hefur síður náð sér á strik eftir efnahagshrunið en aðrir menntunarhópar.

Mynd 3. Ráðstöfunartekjur eftir menntunarstöðu á verðlagi ársins 2013

Figure 3. Disposable income by educational level in 2013 year's prices, CPI




Skýringar Notes: Sjá mynd 1. Myndin sýnir miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Miðað er við vísitölu neysluverðs. Öryggisbil (95%) 2014: Grunnmenntun ±4.000, starfs- og framhaldsmenntun ±4.400 og háskólamenntun ±4.400. See figure 1. CI (95%) 2014: The figure shows median equivalised disposable income. Basic education ±4,000, upper secondary education ±4,400 and tertiary education ±4,400.

Fólk með grunnmenntun var með 87,7% af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra árið 2014

Árið 2014 voru ráðstöfunartekjur fólks með grunnmenntun á Íslandi 87,7% af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra. Hlutfallið breyttist lítið milli árunna 2004 og 2010 þegar það var á bilinu 78% til 80% en síðan hefur dregið saman með hópunum. Sömu sögu er að segja af ráðstöfunartekjum þeirra sem hafa lokið framhaldsmenntun sem hlutfall af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra. Fram til ársins 2008 var hlutfallið frekar stöðugt frá 82% til 85% en eftir það hefur munurinn farið minnkandi og árið 2014 var fólk með framhaldsmenntun með 91,6% af tekjum háskólamenntaðra.

Mynd 4. Hlutfall ráðstöfunartekna fólks með grunnmenntun og framhaldsmenntun af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra

Figure 4. Disposable income received by people with basic and upper secondary education as a proportion of income received by people with tertiary education



Skýringar Notes: Sjá mynd 2. See figure 2.


Atvinnutekjur og menntun

Menntunarlópar eru bæði skoðaðir út frá ráðstöfunartekjum og atvinnutekjum einstaklinga

Hér að framan hafa menntunarlópar verið skoðaðir út frá ráðstöfunartekjum en það er sú nálgun sem Eurostat, Hagstofa Evrópusambandsins hefur sett fram við alþjóðlegan samanburð. Hér fyrir neðan verður skoðað hverju menntun skilar einstaklingum í atvinnutekjum, það er laun og aðrar atvinnutengdar tekjur og hlunnindi. Horft verður á atvinnutekjur einstaklinga fyrir skatt.

Mynd 5. Atvinnutekjur einstaklinga eftir menntunarstöðu á verðlagi 2013

Figure 5. Individual income from wages by educational level in 2013 year's prices, CPI




Skýringar Notes: Myndin sýnir miðgildi atvinnutekna einstaklinga; þar með talið ökutækjastyrk, önnur vinnutengd fríðindi og tekjur þeirra sem eru sjálfstætt starfandi. Myndin sýnir aldurshópinn 30 til 64 ára en í þeim aldurshópi hafa flestir lokið námi og komið sér fyrir á vinnumarkaði. Öryggisbil (95%) 2014: Grunnmenntun ±10.200, starfs- og framhaldsmenntun ±8.700 og háskólamenntun ±7.100. The figure shows median income from work and other work related payments; such as wages, car benefits, other work benefits and income from self employment. The figure shows people age 30 to 64 which is the age group when most people have completed their education. CI (95%) 2014: Basic education ±10,200, upper secondary education ±8,700 and tertiary education ±7,100.

Munur á atvinnutekjum milli menntunarhópa hefur minnkað eftir efnahagshrunið

Árið 2014 var miðgildi atvinnutekna einstaklinga með grunnmenntun 296 þúsund á mánuði, 388 þúsund hjá fólki með framhaldsmenntun og 460 þúsund hjá fólki með háskólamenntun. Líkt og ráðstöfunartekjur þá lækkuðu atvinnutekjur einstaklinga eftir fall bankanna.

Mynd 6. Hlutfall atvinnutekna fólks með grunnmenntun og framhaldsmenntun af atvinnutekjum háskólamenntaðra

Figure 6. Income from wages received by people with basic education and upper secondary education as a proportion of income from wages received by people with tertiary education



Skýringar Notes: Sjá mynd 5. See figure 5.

Munur á atvinnutekjum háskólamenntaðra og annarra menntunarhópa hefur aldrei verið minni á Íslandi

Munur á atvinnutekjum háskólamenntaðra og annarra menntunarhópa hefur minnk- að á undanförunum árum og hefur ekki verið minni frá því mælingar hófust árið 2004. Árið 2014 voru einstaklingar með starfs- og framhaldsmenntun með 84,3% af atvinnutekjum háskólamenntaðra en hlutfallið var lægst 73,1% árið 2011. Fólki með grunnskólamenntun var með 64,2% af atvinnutekjum háskólamenntaðra árið 2014 en lægst var hlutfallið 49,9% árið 2004.

Þegar myndir 4 og 6 eru bornar saman má sjá að talsvert meiri munur er á atvinnutekjum menntunarhópa en ráðstöfunartekjum. Það skýrist af áhrifum skatta, félagslegra greiðslna (skýring 2) og tekna annarra fjölskyldumeðlima sem blandast inn í ráðstöfunartekjurnar en atvinnutekjur eru laun einstaklinga og hlunnindi fyrir skatt sem greidd eru af vinnuveitanda eða vinnuveitendum ef sami einstaklingur gegnir fleiri en einu starfi.

Um rannsóknina

Lífskjararannsóknin er samræmt verkefni meðal Evrópuríkja og gefur því möguleika á alþjóðlegum samanburði

Lífskjararannsókn Hagstofunnar er hluti af samræmdri lífskjararannsókn Evrópusambandsins (EU-SILC). Við skipulagningu lífskjararannsóknarinnar var reynt að nýta sem best kosti úrtakskannana og upplýsinga úr stjórnsýsluskrá. Upplýsingar um tekjur eru fengnar úr skattskrá sem gefur áreiðanlegri mynd af tekjum en fæst með viðtölum við einstaklinga í úrtaki. Aðrar upplýsingar um heimilismenn eru fengnar með símaviðtali sem gefur betri mynd af þeim sem búa á heimilum en opinberar skrár geta gert.

Svarhlutfall var 71% og svör fengust frá 8.842 einstaklingum á 3.001 heimilum árið 2014

Í þessu hefti er fjallað um lífskjararannsóknir árin 2004 til 2014 en upplýsingar um tekjur koma ætíð úr skattskrá ársins á undan. Úrtak lífskjararannsóknarinnar 2014 var 4.499 heimili. Eftir að þeir sem voru látnir og búsettir erlendis hafa verið dregnir frá var nettó úrtakið 4.221 heimili. Svör fengust frá 3.001 þessarra heimila sem er 71% svarhlutfall. Á þessum heimilum fengust upplýsingar um 8.842 einstaklinga. Lífskjararannsóknin var framkvæmd 3. febrúar til 7. maí árið 2014.

Skýringar og hugtök

1. *Ráðstöfunartekjur* Ráðstöfunartekjur (e. *disposable income*) eru heildartekjur heimilisins eftir skatta að meðtöldum félagslegum greiðslum (skýring 2). Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna. Í lífskjararannsókninni eru ráðstöfunartekjur reiknaðar á neyslueiningu (skýring 3).
2. *Félagslegar greiðslur* Undir félagslegar greiðslur (e. *social transfers*) falla ellilífeyrir, eftirlífendabætur, atvinnuleysisbætur, veikindagreiðslur, örorkulífeyrir, barnabætur, fæðingarstyrkur, feðra- og mæðralaun Tryggingastofnunar ríkisins, húsaleigubætur, vaxtabætur og styrkir, svo og bætur frá sveitarfélögum.
3. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. *equivalised disposable income*) eru skilgreindar sem ráðstöfunartekjur (skýring 1) eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki. Einnig er gert ráð fyrir því að útgjöld vegna barna séu lægri en útgjöld vegna fullorðinna. Til að taka mið af þessu er notaður kvarði frá Evrópusambandinu sem gefur fyrsta fullorðna einstaklingnum á heimilinu vogina 1,0. Aðrir einstaklingar 14 ára og eldri fá vogina 0,5 og einstaklingar

yngri en 14 ára fá vogina 0,3. Þannig má segja að hjón með tvö börn, yngri en 14 ára, sem hafa 500 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur alls á mánuði hafi $(500 / (1 + 0,5 + 0,3 + 0,3)) = 500 / 2,1 = 238$ þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á neyslu-einingu.

4. PPS Tilbúinn, sameiginlegur viðmiðunargjaldmiðill sem notaður er af Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins, til að tilgreina efnahagsstærðir fyrir samanburð á milli landa þannig að leiðrétt er fyrir verðmun milli landanna.
5. Tekjur á föstu verðlagi Fjárhæðirnar í myndum 3 og 5 eru reiknaðar miðað við meðaltal neysluverðs-vísitölu fyrir árið 2013 þar sem nýjustu tekjuupplýsingarnar eru frá þeim tíma. Fjárhæðirnar í myndunum eru því allar á föstu verðlagi ársins 2013.
6. Atvinnutekjur Atvinnutekjur eru heildarlaun vegna vinnu auk atvinnutengdra fríðinda svo sem afnot af bifreið, afnot af síma eða niðurgreiðsla símreiknings, niðurgreiddar eða fríar máltíðir eða önnur fríðindi sem vinnuveitandi greiðir fyrir starfsmann. Til atvinnutekna teljast einnig laun þeirra sem eru sjálfstætt starfandi.
7. Könnunarár og tekjuár Upplýsingum fyrir lífskjararannsóknina er aflað með tvennum hætti, annars vegar með könnun og hins vegar með tengingum við skattskrá. Í samræmi við vinnubrögð hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, miðast ártal í myndum og töflum við könnunarár sem er það ár sem lífskjararannsóknin er framkvæmd. Upplýsingar um tekjur eru úr skattskrá ársins á undan.
8. Vikmörk Lífskjararannsóknin byggist á úrtaki og því þarf að gera ráð fyrir ákveðinni óvissu í niðurstöðum. Til að meta óvissuna eru reiknuð vikmörk (e. *confidence interval*) fyrir niðurstöður rannsóknarinnar. Vikmörkin ná jafnlangt upp fyrir og niður fyrir töluna og eru lögð við töluna og dregin frá henni. Ef metin lágtekjumörk eru 10% og vikmörkin $\pm 1,2$ eru neðri mörkin 8,8 og efri mörkin 11,2. Miðað er við 95% öryggismörk sem má túlka þannig að 95% líkur séu á að hið sanna gildi sé innan tilgreindra vikmarka. Þegar tvær tölur eru bornar saman til að athuga hvort munurinn á þeim sé nægjanlega mikill til að teljast tölfræðilega marktækur þarf að athuga hvort vikmörk beggja talna skarist.

English summary

Income difference by educational attainment level was less in Iceland than in any other European country in 2013. People with basic education had 86.3% of the median equivalized disposable income of people with tertiary education. The following countries were Sweden, Norway and the Netherlands with 80.3%, 77% and 73.6%. Focusing only on those with basic education in 2013 the median equivalized disposable income in Iceland was the fourth highest in Europe. Iceland was the 15th highest for the income of people with tertiary education.

Until 2008 the difference between the median equivalized disposable income of people with basic education and those with tertiary education was rather stable. Since then the difference has decreased and in the year 2014 people with basic education had 87.7% of the income of those with tertiary education. People with upper secondary education had 91.6% of the income of people with tertiary education in 2014.

The difference between individuals' income from wages for those with tertiary education and other educational groups has not been less since the beginning of the EU-SILC survey in Iceland in 2004. The difference between educational groups is bigger for income from wages before tax than it is for equivalized disposable income. In 2014 individuals with upper secondary education had 84.3% and people with basic education had 64.2% of the income from wages of people with tertiary education.

Tafla 1. Landakóði og landaheiti*Table 1. Country code and country names*

| Landakóði <i>Country code</i> | Íslenskt landaheiti <i>Icelandic country name</i> | Enskt landaheiti <i>English country name</i> |
|----------------------------------|--|---|
| AT | Austurríki | Austria |
| BE | Belgía | Belgium |
| GB | Bretland | United Kingdom |
| BG | Búlgaría | Bulgaria |
| DK | Danmörk | Denmark |
| EE | Eistland | Estonia |
| FI | Finnland | Finland |
| FR | Frakkland | France |
| GR | Grikkland | Greece |
| NL | Holland (Niðurland) | Netherlands |
| IE | Írland | Ireland |
| IS | Ísland | Iceland |
| IT | Ítalía | Italy |
| HR | Króatía | Croatia |
| CY | Kýpur | Cyprus |
| LV | Lettland | Latvia |
| LT | Litháen | Lithuania |
| LU | Lúxemborg | Luxembourg |
| MK | Makedónía (FLJM) | Macedonia (FYRM) |
| MT | Malta | Malta |
| NO | Noregur | Norway |
| PT | Portúgal | Portugal |
| PL | Pólland | Poland |
| RO | Rúmenía | Romania |
| RS | Serbía | Serbia |
| SK | Slóvakía | Slovakia |
| SI | Slóvenía | Slovenia |
| ES | Spánn | Spain |
| CH | Sviss | Switzerland |
| SE | Svíþjóð | Sweden |
| CZ | Tékkland | Czech Republic |
| HU | Ungverjaland | Hungary |
| DE | Þýskaland | Germany |

Tafla 2. Ráðstöfunartekjur eftir menntunarstöðu 2013, PPS*Table 2. Disposable income by educational attainment level 2013, PPS*

| Land | Grunnmenntun | Starfs- og framhaldsmenntun | Háskólamenntun |
|--|------------------------|----------------------------------|---------------------------|
| <i>Country</i> | <i>Basic education</i> | <i>Upper secondary education</i> | <i>Tertiary education</i> |
| Rúmenía <i>Romania</i> | 2.535 | 4.267 | 7.651 |
| Serbía <i>Serbia</i> | 3.355 | 4.806 | 8.279 |
| Lettland <i>Latvia</i> | 5.038 | 6.577 | 10.318 |
| Búlgaría <i>Bulgaria</i> | 3.709 | 6.608 | 9.436 |
| Litháen <i>Lithuania</i> | 5.015 | 7.170 | 10.660 |
| Ungverjaland <i>Hungary</i> | 5.241 | 7.418 | 10.916 |
| Króatía <i>Croatia</i> | 5.755 | 7.888 | 11.957 |
| Grikkland <i>Greece</i> | 6.566 | 8.622 | 12.571 |
| Eistland <i>Estonia</i> | 7.304 | 8.720 | 12.486 |
| Pólland <i>Poland</i> | 6.832 | 8.941 | 13.773 |
| Slóvakía <i>Slovakia</i> | 7.756 | 9.908 | 12.248 |
| Tékkland <i>Czech Republic</i> | 9.059 | 11.245 | 15.179 |
| Portúgal <i>Portugal</i> | 8.943 | 11.504 | 17.902 |
| Slóvenía <i>Slovenia</i> | 11.865 | 14.030 | 19.119 |
| Spánn <i>Spain</i> | 11.720 | 14.917 | 20.462 |
| Írland <i>Ireland</i> | 13.045 | 15.297 | 21.572 |
| Ítalía <i>Italy</i> | 12.936 | 16.469 | 21.879 |
| Kýpur <i>Cyprus</i> | 14.141 | 16.769 | 23.777 |
| Bretland <i>United Kingdom</i> | 13.697 | 17.109 | 23.466 |
| Malta <i>Malta</i> | 13.746 | 17.930 | 23.190 |
| Frakkland <i>France</i> | 16.319 | 18.733 | 24.035 |
| Finnland <i>Finland</i> | 17.804 | 18.910 | 24.994 |
| Holland (Niðurland) <i>Netherlands</i> | 17.644 | 18.987 | 23.988 |
| Þýskaland <i>Germany</i> | 15.714 | 19.641 | 25.226 |
| Danmörk <i>Denmark</i> | 17.282 | 19.803 | 24.270 |
| Belgía <i>Belgium</i> | 15.805 | 20.377 | 25.702 |
| Ísland <i>Iceland</i> | 19.060 | 20.517 | 22.073 |
| Svíþjóð <i>Sweden</i> | 18.967 | 21.275 | 23.622 |
| Austurríki <i>Austria</i> | 18.261 | 22.474 | 26.643 |
| Sviss <i>Switzerland</i> | 21.582 | 26.548 | 33.707 |
| Noregur <i>Norway</i> | 23.912 | 28.019 | 31.043 |
| Lúxemborg <i>Luxembourg</i> | 22.212 | 30.018 | 40.832 |

Skýringar Notes: Löndunum er raðað eftir miðgildistekjum hópsins sem er með starfs- og framhaldsmenntun. Taflan sýnir eingöngu þá sem eru á aldrinum 18 til 64 ára. *Countries are sorted by the median disposable income of the group with upper secondary educational attainment. Only people aged 18 to 64 are included.*

Heimild Source: Eurostat.

Tafla 3. Ráðstöfunartekjur eftir menntunarstöðu á verðlagi ársins 2013Table 3. *Disposable income by educational attainment level in 2013 year's prices, CPI*

| Krónur á mánuði <i>ISK per month</i> | | | | | | | | | 2014 | |
|---|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------------------------|---|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | Vik- mörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i> |
| Grunnmenntun <i>Basic education</i> | 332.500 | 347.600 | 345.700 | 302.900 | 283.600 | 282.400 | 289.400 | 302.600 | ±4000 | 55.800 |
| Starfs- og framhaldsmenntun <i>Upper secondary education</i> | 350.500 | 367.200 | 363.800 | 321.800 | 297.200 | 296.700 | 311.500 | 315.800 | ±4400 | 67.800 |
| Háskólamenntun <i>Tertiary education</i> | 415.700 | 438.900 | 429.100 | 378.100 | 339.500 | 336.100 | 335.100 | 344.900 | ±4400 | 66.400 |

Tafla 4. Atvinnutekjur einstaklinga eftir menntunarstöðu á verðlagi ársins 2013Table 4. *Individual income from wages by educational attainment level in 2013 year's prices, CPI*

| Krónur á mánuði <i>ISK per month</i> | | | | | | | | | 2014 | |
|---|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------------------------|---|
| | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | Vik- mörk <i>CI</i> | Áætlaður fjöldi <i>Estimated number</i> |
| Grunnmenntun <i>Basic education</i> | 345.800 | 351.800 | 319.900 | 263.800 | 256.400 | 268.000 | 269.900 | 295.500 | ±10.200 | 29.500 |
| Starfs- og framhaldsmenntun <i>Upper secondary education</i> | 448.300 | 470.200 | 433.600 | 380.600 | 341.900 | 359.400 | 360.700 | 387.900 | ±8.700 | 43.200 |
| Háskólamenntun <i>Tertiary education</i> | 569.800 | 612.000 | 575.800 | 512.900 | 467.900 | 467.200 | 463.500 | 460.400 | ±7.100 | 55.300 |

Hag tíðindi **Laun, tekjur og vinnumarkaður**
Statistical Series ***Wages, income and labour market***

100. árg. • 23. tbl.

ISSN 0019-1078

2015:5

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Steinn Kári Steinsson • steinn.steinsson@hagstofa.is

Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series